

Alþingi
Erindi nr. P 143/608
komudagur 10.12.2013



Reykjavík, 10. desember 2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (afleiðuviðskipti, milliverðlagning, sérstakur fjársýsluskattur o.fl.), 204. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp. Í umsögninni er kastljósi beint að ákvæðum um skattlagningu afleiðusamninga, milliverðlagningu og sérstakan fjársýsluskatt.

A. Skattlagning afleiðusamninga

Í 1., 3., 5., 6. 7. og 8. gr. eru ákvæði sem ætlað er að breyta gildandi rétti um skattlagningu afleiðusamninga. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að í þessum ákvæðum sé gert ráð fyrir að hagnaður af afleiðusamningum, að undanskildum vaxtaskiptasamningum, verði meðhöndlaður sem söluhagnaður í stað fjármagnstekna. Ef þetta er tilgangur löggjafans er hér um mjög jákvætt skref að ræða en með því væri skattaleg meðferð afleiða færð til samræmis við það sem almennt tíðkast í nágrannaríkjunum en á Norðurlöndum er meginreglan sú að um uppgjör afleiðusamninga fer samkvæmt reglum um söluhagnað og sölutap og er staðgreiðsluskylda almennt ekki fyrir hendi. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að þetta eigi einungis við um hagnað af afleiðusamningum sem seldir eru á skipulegum verðbréfamörkuðum þar sem undirliggjandi verðbréf eru hlutabréf. Ekki kemur fram í frumvarpinu hvers vegna þessi leið er valin en mikilvægt er að hafa í huga að fram að þessu hafa afleiður ekki verið seldar á skipulegum verðbréfamarkaði hér á landi. Verði frumvarpið að lögum mun það því litlu sem engu breyta um skattalega meðferð tekna af afleiðuviðskiptum sem tíðkast hér á landi og eru eðlilegur þáttur í íslensku viðskiptalífi.¹ Að mati SFF er brýnt að skattaleg meðferð afleiðusamninga verði í samræmi við það sem gerist á Norðurlöndum og ekki verði settar flóknar sér íslenskar reglur um þetta efni.

B. Milliverðlagning og/eða skilmálar í viðskiptum tengdra aðila

Í 11. gr. er lagt til að teknað verði upp sérstakar reglur um milliverðlagningu í lög um tekjuskatt. SFF telja jákvætt að skýrar reglur séu settar inn í skattalög um þetta efniog gera ekki efnislegar athugasemdir við ákvæðið. Þó er

¹ Í þessu sambandi er bent á að íslensk stjórnvöld vinna nú að innleiðingu EMIR reglugerðar ESB nr. 648/2012 (European Market Infrastructure Regulation (EMIR)). Innleiðing reglugerðarinnar í íslenskan rétt felur m.a. í sér að tilkynna ber alla afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á verðbréfamarkað til sérstakrar opinberrar skrár um afleiðuviðskipti. Skyldan tekur til fjármálafyrirtækja og annarra fyrirtækja sem gera slíka samninga og tekur til þess er gengið er inn í samninga, þeim breytt eða lokað. Tilkynna skal um samningana eða breytingar á þeim eigi síðar en næsta viðskiptadag.

bent á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að ákvæðið öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda 1. janúar 2014. Eins og fram kemur í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ákveðnir lögaðilar verði skjölunarskyldir vegna viðskipta við tengda lögaðila. Með skjölunarskyldu er átt við að lögaðili skrái upplýsingar um eðli og umfang viðskipta við tengda lögaðila, eðli tengsla og grundvöll ákvörðunar milliverðs. Geyma skal gögn um viðskiptin svo sem viðskiptaskilmála, veltu, eignir og annað sem máli kann að skipta og sýna fram á verð og skilmála í sambærilegum viðskiptum milli ótengdra aðila. Lögaðilar sem falla undir aðila þurfa samkvæmt þessu að setja upp nýja verkferla til að tryggja að skjölun og vistun gagna standi undir þeim kröfum sem gerðar eru í ákvæðinu. Þetta krefst nokkurs undirbúnings og er því lagt til að ákvæðið komi til framkvæmda 1. apríl n.k. í stað 1. janúar. Þannig gefst fyrirtækjum sem falla undir ákvæðið ráðrúm til að aðlaga sig að breyttu lagaumhverfi.

C. Sérstakur fjársýsluskattur

Í 15. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði ákvæði um að við álagningu sérstaks fjársýsluskatts skuli ekki tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps. Í athugasemdum við ákvæðið segir: „Vegna sérstöðu skattsins er ekki talið eiga við að tekið sé tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps við álagningu hans.“ SFF eru ósammála þessari röksemdafærslu og mótmæla þessu ákvæði í frumvarpinu. Þessi breyting er afar íþyngjandi og rökstuðningur fyrir henni er ekki sannfærandi. Fyrir þá aðila sem greiða þennan skatt hefur hann enga sérstöðu umfram almennan tekjuskatt sem byggir á sama skattstofni en í tekjuskatti er tekið tillit til samsköttunar og yfirfæranlegs taps við álagningu. Verði ákvæðið að lögum mun það leiða til þess að ekki verður horft til raunverulegrar afkomu fyrirtækjanna sem skattinn greiða. Þessi skattur var leiddur í lög á grundvelli samkomulags við fjármálafyrirtækin. Það samkomulag var málamiðlun vegna þeirra áforma fyrri ríkisstjórnar að leggja á 10,5% skatt á launagreiðslur fjármálafyrirtækja (fjársýsluskatt). Samkomulag varð um að lækka þann skatt í 6,75% en því til viðbótar greiddu fjármálafyrirtæki viðbótaskatt sem næmi 6% af þeim tekjuskattstofni sem væri umfram 1 milljarð króna, svokallaðan sérstakan fjársýsluskatt. Meginatriði í því samkomulagi var að sérstaki fjársýsluskatturinn væri viðbótaskattur og skattstofninn væri sá sami og gildir um tekjuskatt.

D. Framlenging bráðabirgðaákvæða tekjuskattslaga um skattfrelsi afskrifta skulda

Skuldaúrvinnsla heimila og fyrirtækja er ekki að fullu lokið hjá fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og íbúðalánasjóði vegna efnahagshrunsins. Því vekja SFF athygli á að full ástæða er til þess að framlengja a.m.k. um eitt ár bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga nr. XXXVI um skuldaúrvinnslu fyrirtækja og nr. XXXVII vegna skuldaúrvinnslu einstaklinga.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir hdl.